



Alþingi
Erindi nr. P 138/2766
komudagur 9. 6. 2010

Alþingi
Samgöngunefnd
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 08.06.2010
Tilv. 023
HJ

Efni: Tillaga til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum.


Siglingastofnun Íslands vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 19. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um ferjusiglingar frá Bretlandseyjum til og frá Vestmannaeyjum, 527. mál.

Siglingastofnun Íslands hefur um nokkurra ára skeið unnið að rannsóknum sem tengjast möguleikum á byggingu stórskipakants í Eyjum. Nokkrir möguleikar eru þar fyrir hendi, hver með sína kosti og galla. Í rannsóknarvinnunni hefur verið gengið út frá þeirri forsendu að flutningamynstur verði áfram líkt og nú er þegar flutningaskip koma á leið til Evrópu og taka fisk til úflutnings, en að skipin verði stærri í framtíðinni. Jafnframt er gert ráð fyrir að farþegaskip geti lagst að kantinum. Þetta hefur þýtt stuttan viðkomutíma og litla þörf fyrir landsvæði en góða tengingu við uppskipunarstaði hafnarinnar og fiskverkunarstaði.

Líklegt má telja að ferjusiglingar milli Bretlandseyja og Vestmannaeyja komi til með að gera meiri kröfur til landrýmis og betri tengingar við ferjulægi Herjólfis. Ferjusiglingar milli Vestmannaeyja og Bretlandseyja er áhugaverður kostur. Spurning er, hvort útvíkka eigi skoðunina þannig að einnig sé litið til fleiri viðkomustaða, t.d. Þorlákshafnar og innan Faxaflóa, Keflavíkur og Hafnarfjarðar. Þá er einkum verið að líta til útflutnings á sjávarafurðum.

Fyrir liggur að Vestmannaeyjahöfn getur tekið á móti allt að 140-150 metra löngum skipum en með tilkomu stórskipahafnar norðan við Eiðið eða á Skansfjöru gætu skipin verið yfir 200 metra löng.

Virðingarfyllst,
F.h. Siglingastofnunar Íslands,


Hermann Guðjónsson,
siglingamálastjóri